



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/61

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1323
komudagur 11. 3. 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664


10. mars 2004

Efni: **Um þingsályktunartillögu um úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, 225. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 1. mars 2004, var ofangreind tillaga til þingsályktunar send Sambandi íslenskra tryggingafélaga til umsagnar. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft.

1. Í greinargerð flutningsmanna með tillögunni segir efnislega, að staða verknámsnemenda sé nokkuð óviss hvað varðar tryggingar, skráningu slysa og stöðu slíkra nemenda komi til slyss, og slík slys séu jafnvel ekki skráningarskyld. Án þess að hér sé ætlunin að lýsa með tæmandi hætti, hvernig þessum málum er nú skipað í lögum, er við hæfi að víkja lauslega að því efni. Af lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verður leitt, að slys verknámsnema skulu könnuð og skráð eins og slys almennt. Í því efni má m.a. vísa í 90. gr. laganna, þar sem skilgreint er, hvaða starfsemi skuli falla undir lögin. Í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir í 3. tölulið 66. gr., að lögregla skuli rannsaka öll slys, þótt ekki liggi fyrir grunur um refsivert athæfi. Varðandi tryggingaþáttinn skal minnt á 24. gr. laga nr. 117/1993, eins og henni var breytt að gefnu tilefni með lögum frá árinu 2002. Segir þar að nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum, háskólanemar og nemar í starfsnámi, sem stundi nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum, þegar þeir sinni verklegu námi, séu slysatryggðir.
2. Af framangreindu sýnist sem staða verknámsnemenda sé e.t.v. ekki jafn óviss eða ótrygg eins og ætla mætti við lestur þingsályktunartillögunnar og greinargerðarinnar, sem henni fylgir. Vel má þó vera, að ástæða geti verið til að endurskoða stöðu verknámsnemenda nánar í þessu efni. Sýnist þá eðlilegt að staða annarra nemenda, sem búa við nokkra slysaþættu í námi sínu, sbr. tilvitnað ákvæði í lögum um almannatryggingar, yrði einnig endurmetin. Lagt er því til, að þingsályktunartillögunni verði breytt, þannig að hún taki ekki einvörðungu til verknámsnemenda.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson